



RÝMINGARÁÆTLUN  
SANDGERÐISSKÓLA

2019

***Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang skal setja eftirfarandi ferli af stað:***

1. ***Skólastjóri/staðgengill*** og „húsvörður“ fara STRAX að stjórnstöflu, aðgæta hvaðan boðin koma og ganga úr skugga um ástæður boðunarinnar. Sé raunin sú að um eld sé að ræða skal þegar í stað ræsa kerfið aftur með næsta handboða ef kerfið hefur ekki þegar farið í gang aftur.
2. ***Skólastjóri /staðgengill*** hefur strax samband við 112 ef um eld er að ræða og gefur eins nákvæmar upplýsingar og hægt er til hægðarauka fyrir slökkvilið s.s. staðsetningu elds og fl.

***„Neyðarlínan er í beinu sambandi við slökkvilið á leið á vettvang“***

3. ***Skólastjóri/staðgengill*** fer strax á eftir tilkynningu til neyðarlínu í vettvangskönnun ásamt öryggisfulltrúum á milli hópa og fær upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þeir sáust síðast.
4. ***Skólastjóri/staðgengill*** gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um ástandið og er honum innan handar varðandi atriði sem kunna að koma upp.

## Hlutverk kennara

1. Kennarar hefja þegar undirbúning á rýmingu og hafa kláran nafnalista til að taka með út. Þegar bjallan hringir fara nemendur **strax** í röð fyrir framan útgöngudyr og fara eftir fyrirmælum kennara.
2. Mjög mikilvægt er að sýna stillingu, fara í röð og **ganga** rösklega út úr stofunni á söfnunarsvæðið.
3. Skapist aðstæður þannig að ekki sé óhætt að yfirgefa stofuna skal loka hurðum og fara út um neyðarop stofunnar ef um er að ræða jarðhæð annars skal halda kyrru fyrir og bíða aðstoðar við að komast út.
4. Fara skal í skó og yfirhafnir **EF AÐSTÆÐUR LEYFA** . Reykur getur verið fljótur að magnast og það er hann sem er hættulegastur, aldrei skal farið á móti reyk. Ef þess gerist þörf skal skriða með gólfi.

***„ Hver og einn kennari eða umsjónarmaður  
ber ábyrgð á sínum bekk á meðan aðgerðum stendur “***

***EF BRUNABJALLA ER STÖÐVUÐ OG HÚN  
FER AFTUR Í GANG SKAL TAFARLAUST  
HEFJA RÝMINGU***

## Hlutverk skólaliða og annarra starfsmanna

1. Skólaliðar kanna vistarverur þar sem ekki eru kennarar eða stuðningsfulltrúar t.d. salerni og aðstoða þau börn sem hjálpa þarf sérstaklega sökum fötlunar ef um slíkt er að ræða.
2. Allir eiga að hafa sérstakar gætur á því að grípi ofsahræðsla barn skal sinna því sérstaklega og koma viðkomandi barni á öruggan stað til aðhlyningar. Skólastræti 1 verður söfnunarstaður fyrir þá sem munu þurfa sérstaka aðstoð.
3. Allir sem ekki hafa beint hlutverk gagnvart nemendum aðstoða við rýmingu t.d. við að halda útgönguleiðum opnum, dreifa sér á hópa með kennurum og aðstoða við að halda utan um hópinn.

## ***Söfnunarsvæði***

(sjá kort af söfnunarsvæðum)

1. Á söfnunarsvæðinu gerir kennari manntal og hefur klárar upplýsingar fyrir öryggisfulltrúa skólans og tilkynnir strax ef einhvern vantar í hópinn og hvar hafi síðast orðið vart við viðkomandi. Kennari og bekkur hans bíða á því svæði sem fyrirfram er ákveðið skv. korti í viðkomandi stofu þangað til nánari fyrirmæli koma frá öryggisfulltrúum.
2. Þar til slökkvilið mætir á staðinn er öll stjórnun á hendi skólastjóra/staðgengils eftir það fer slökkviliðsstjóri með alla stjórnun og skólastjóri verður honum innan handar.
3. Mikilvægt er að fá sem fyrst yfirsýn yfir það hvort allir hafi komist út þar sem að það auðveldar ákvörðun um fyrstu aðgerðir slökkviliðs það er að segja hvort að það skuli hefja slökkvistarf eða björgun á fólki.



*Allir árgangar safnast saman á körfuboltavelli og fari þar í raðir. 1. bekkur næst skóla og 10. bekkur fjærst, næst Skýjaborg.*

# Hvernig notum við slökkvitækin?

Ágætt er að fara reglulega yfir búnaðinn og rifja upp notkunarvið hans.

Kallið á aðstoð og látið hringja í slökkviliðið.

Sækið að eldinum undan vindi eða dragsúg.

Haldið ykkur undir reyklaginu.

Leitist við að sprauta slökkviefninu á rætur eldsins.  
Byrjið við jaðarinn og dreifið efninu með jöfnum hliðarhreyfingum.

Ekki er alltaf nauðsynlegt að klára úr tækinu, gott getur verið að eiga eitthvað eftir ef að eldur blossar upp að nýju.

Ef eldur hefur náð að þróast og er orðin óviðráðanlegur, munið þá eftir næsta skrefi sem er að hindra útbreiðslu.

**LOKIÐ HURÐUM.**

Ef brunabjöllur fara í gang skulu allir aðrir en þeir sem sjá um slökkvistarfið hefja rýmingu og vinna eftir rýmingaráætluninni

# Hvernig notum við brunaslöngur?

Ágætt er að fara reglulega yfir búnaðinn og rifja upp notkunarvið hans.

Kallið á aðstoð og látið hringja í slökkviliðið.

Opna krana sem er tengdur við slöngukeflið í skápnum.

Dragið slönguna út og hafið góðan slaka á henni

Sækið að eldinum undan vindi eða dragsúg.

Haldið ykkur undir reyklaginu.

Leitist við að sprauta slökkviefninu á rætur eldsins.

Byrjið við jaðarinn og dreifið efninu með jöfnum hliðarhreyfingum.

Ef eldur hefur náð að þróast og er orðin óviðráðanlegur, munið þá eftir næsta skrefi sem er að hindra útbreiðslu.

**LOKIÐ HURÐUM.**

Ef brunabjöllur fara í gang skulu allir aðrir en þeir sem sjá um slökkvistarfið hefja rýmingu og vinna eftir rýmingaráætluninni